# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFISSTOFNUN

**Sorpurðun Vesturlands Fíflholt**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 18.11.2013 | **Fulltrúi UST** | Sigrún Guðmundsdóttir |
| **Fyrirtæki** | Sorpurðun Vesturlands | **Fulltrúi UST** | Sigríður Kristjánsdóttir |
| **Heimili** | Bjarnarbraut 8 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið seinna eftirlit |
| **Kennitala** | 5306972829 | **Flokkur** | Úrgangur og efnamóttaka |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Hrefna Jónsdóttir | **ÍSAT nr.** | 38.21.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 349951,516 469714,37 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki voru nein frávik staðfest en ein athugasemd er gerð er varðar bruna í urðunarrein. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er í burðarliðnum en urðunarstaðurinn er nú á undanþágu frá gildu starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirliti var rekstur síðari hluta ársins ræddur, farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, umbætur á hreinsivirki vour ræddar sem og gögn um úrgang, móttöku hans og skráningu og stöðu starfsleyfisgerðar. Að síðustu var farið í eftirlitsskoðun á urðunarsvæðinu í Fíflholtum.

## ATHUGASEMDIR

Við skoðun var unnið að því að slökkva bruna í urðunarrein. Umhverfisstonfun óskar eftir upplýsingum um bruna sem þennan (sbr. ákv.1.4) , þ.e. þegar bruna verður fyrst vart, umfang bruna (gróft mat hversu mikið efni brennur og mat á hversu viðráðanlegur hann er) og mögulegar orsakir. Síðan þegar niðurlög bruna eru ráðin, heildarumfang hans (hve mikið brann og hverslags úrgangur). Slík greinargerð er forsenda mats á mengunarálagi vegna bruna, en mengunarvarnir í starfsleyfi miðast ekki við óhöpp sem þetta. Kortlagning slíkra bruna (tíðni og umfang) gefur vísbendingu um heildarmengunarálag af þeirra völdum . Þá óskar Umhverfisstofnun eftir að skoða verkferil/mótvægisaðgerðalýsingu varðandi óhöpp í næstu eftirlitsheimsókn.

## ANNAÐ

Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er í burðarliðnum. Gildistími eldra starfsleyfis er runninn út en urðunarstaðurinn er sem stendur rekinn á undanþágu frá Umhverfisráðuneyti. Undanþágan gildir til 1.3.2014

Reykjavík, 26.11.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.